



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Berist til: Fjölmiðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 19.03.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi smitaðra hér á landi er nú 330 talsins, þar af 86 innanlandssmit.

Samtals hafa um 7.833 sýni verið tekin, þar af 420 síðastliðinn sólarhring.

19. upplýsingafundur, 19. mars, 2020

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn opnaði fundinn með því að tala um samskipti. Það er kominn þreyta og óþolinmæði í fólk. Fleiri sögusagnir farnar í gang, til dæmis um að útgöngubann sé á dagskrá eða útfærsla þess. Það er ekki rétt. Verum hreinskilin og komum vel fram við hvert annað.

Þórólfur Guðnason – sóttvarnalæknir ræddi um fyrirkomulag upplýsinga á [www.covid.is](#). Hann sagði að ákveðið hafi verið að birta tölulegar upplýsingar síðar en verið hefur. Upplýsingar um ný smit hafa verið birt á síðunni klukkan 11 en birtingunni verður seinkað til 13-13:30. Aukning hefur verið á fjölda sýktra. Heildarfjöldi sýktra er nú 330 og það er aukning um 80 frá því í gær. Hann sagði að ekki væri hægt að sjá mikla aukningu á jákvæðum sýna hjá Íslenskri erfðagreiningu. Þórólfur sagði að einstaklingar hafi greinst í 6 landshlutum. Á Landspítala eru nú sjö inniliggjandi, þar af er einn á gjörgæslu. Hann er ekki í öndunarvél. Þórólfur segist sjá fyrstu vísbendingar um að við séum að fara upp þessa brekku sem teiknuð hafi verið upp á kúrfunni. Fylgjast þurfi vel með því hvar sýkingin sé að stinga sér niður. Hann sagði nálgunina vera þá sömu og áður. Greina snemma, beita einangrun á sýkta einstaklinga og sóttkví á þá sem eru smitaðir. Þetta segja fræðin að virki best. Þórólfur segir að þessari vinnu verði haldið áfram og hún er sérstaklega nauðsynleg til að hefta útbreiðsluna sem mest.

Þá ræddi Þórólfur um að öll lönd utan Íslands hafi verið lýst sem áhættusvæði. Það þýði að allir Íslendingar og útlendingar sem búsettir eru hér þurfa að sæta sóttkví.

Alma S. Möller, landlæknir hóf sína framsögu á að ræða andlát ferðamanns á Húsavík í vikunni. Krufning var gerð í gærkvöld en endanleg skýrsla liggur ekki fyrir. Alma sagði að við krufningu hafi lungnabólga komið í ljós. Miklar líkur séu á því að maðurinn hafi látist af völdum Covid-19. Einkennin hafi verið ódæmigerð. Alma sagði hug allra vera hjá aðstandendum mannsins og þau vilja koma á framfæri þökkum til allra sem hafi stutt við þau þessa daga.

Alma sagði jafnframt að enn fjölgaði í bakvarðarsveitinni. Alls væri nú 471 á skrá. Alma sat í morgun fjarfund ásamt öðrum læknum með kínverskum heilbrigðisyfirvöldum og fjölda fulltrúa annarra Evrópulanda. Þar var rætt um faraldsfærði og sóttvarnir. Þeirra aðgerðir voru svipaðar og hérlendis. Alma hrósaði gjörgæslulæknum sem hafa verið mjög duglegir við að afla sér upplýsinga. Í fjórða lagi ræddi Alma um spálíkan sem spáir fyrir um hvert álag á heilbrigðiskerfið gæti orðið. Spáin tekur mið af tölum liðinna daga og mögulega þarf að uppfæra hana með mið af tölum gærdagsins. Meðalspá benti til hámarks hinn 7. apríl. Þá væru 40 sjúklingar á sjúkrahúsi. Verri spá gerir ráð fyrir 110 sjúklingar á sjúkrahúsi. Ef gjörgæsluinnlagnir eru sérstaklega skoðaðar þá yrðu innlagnir alls sjö þann 14. apríl miðað við meðalspá en 30 miðað við verri spánnu. Þá væri hápunktur 16. apríl. Þetta er með fyrirvara og þarf stöðugt að endurskoða og endurreikna. Hún sagði áfram mikið álag vera á Landspítala. Þar eru 318 Covid-19 sjúklingar í eftirliti og að því vinna 30 læknar og hjúkrunarfræðingar. Að síðustu hrósaði Alma framlínustarfsmönnum í þjónustu víðast hvar og fyrirtækjum sem sýna hugmyndaauðgi í að láta samfélagið ganga. Hún tók undir með Víði Reynissyni að áfram þyrftum við öll að sýna yfirvegum og eiga í góðum samskipti. Það mætti alls ekki hnýta í þá sem væru smitaðir og smita aðra. Það er enginn sem getur gert neitt í því. Alma sagði að ekki mætti láta veiruna koma upp á milli okkar.

Ævar Pálmi Pálmason, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og yfirmaður smitrakningateymis almannavarnadeildar, ræddi um störf teymisins. Hann sagði engan hafa órað fyrir því hversu stórt og umfangsmikið verkefnið yrði. Mikilvægt væri að sameina krafta lögreglu og heilbrigðisstarfsfólks. Í teyminu starfa 16 heilbrigðisstarfsmenn og 22 frá lögreglu og von sé á fleirum.

Upplýsingamiðlun


Vefurinn COVID.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun. Hann er sem stendur á íslensku og ensku.

Þólsk þýðing er að fara í loftið. Nú er kominn möguleiki á að skoða og prenta út ýmis [veggspjöld sem hafa komið út](#).

Heimsóknir á tölfræðisíður Covid.is



546.000

hafa skoða íslensku síðuna.



65.000

hafa skoða ensku síðuna.

Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður föstudaginn 20. mars kl. 9:00.

Samráð og ýmsar upplýsingar m.a.

- **Allir íbúar Íslands sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)**
- Samskipti við félagsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Fjölmenningssetrið varðandi þýðingar og upplýsingagjöf til innflytjenda.
- [Leiðbeiningar sendar á bókasöfn sveitarfélaganna.](#)
- Samskipti við Öryrkjabandalagið, regnhlífisamtök 43 félaga með um 30.000 félagsmenn sem mun miðla upplýsingum til um 10.000 einstaklinga í gegnum samfélagsmiðla, og heimasíðu.
- Sífelld fleiri hafa samband við heilbrigðisstarfsmenn á upplýsingagáttinni heilsuvera.is, en þar er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, og eiga í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna. Heilsuvera fékk um 879 fyrirspurnir í gegnum netspjallið sl. sólarhring.
- Ferðamálastofa er komin með upplýsingar um gististaði sem tilbúnir eru að taka á móti gestum sem þurfa í sóttkví. [Sjá upplýsingavef þeirra.](#)
- ASÍ hefur birt [COVID-19 spurt og svarað.](#)
- Upplýsingar á vef MAST um [Kórónaveiruna og framboð fóðurs og áburðar](#)
- Samkvæmt upplýsingum frá Isavia hefur heildarfjöldi farþega sem farið hafa um Keflavíkurflugvöll fækkað verulega síðastliðna 7 daga. Til að mynda fóru 2.960 farþegar frá Bandaríkjunum um völlinn þann 12. mars en einungis 525 Bandaríkjamenn fóru um völlinn 18. mars. Alls fóru 243 Belgar um völlinn þann 12. mars en enginn Belgi þann 18. mars.

Mikilvægar upplýsingar til þeirra sem eru á forgangslista og þurfa að nota þetta neyðarúrræði fyrir börn sín hjá dagforeldrum, í leikskóla, í 1. og 2. bekk grunnskóla, sem og í frístund fyrir sama aldur.


- Sökum aðstæðna geta skólar ekki hafið starf eftir forgangslistum fyrr en á mánudaginn 23. mars. Eðli málsins samkvæmt er þetta mjög flókið verkefni og þarf að vinna vel.
- Við biðlum því til foreldra og forsjáraðila að sýna biðlund við þessar fordæmalaus aðstæður fram á mánudag. Við viljum enn fremur ítreka að þetta er neyðarúrræði og hvetjum alla að nýta eins og hægt er það skipulag sem skólinn hefur þegar sett upp.



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði

Uppfært daglega kl. 11:00


Fjöldi sýna eftir dögum




Heildartölur

- 330** staðfest smit
- 3.718** í sóttkví
- 330** í einangrun
- 532** lokið sóttkví
- 7.833** sýni
- 3** á sjúkrahúsi


Fjöldi smitaðra eftir dögum



Fjöldi smitaðra eftir kyni



Uppruni smits




Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Austurland	0	22
Höfuðborgarsvæði	287	2595
Norðurland eystra	2	177
Norðurland vestra	1	238
Suðurland	24	462
Suðurnes	12	142
Vestfirðir	0	17
Vesturland	0	49
Óstaðsett	4	19
Útlönd	0	4

Fjöldi smitaðra eftir aldri



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 222.642 einstaklingum samkvæmt John Hopkins og um 9.115 einstaklingar hafa látist. Þá hafa 84.506 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig.

Sjá áhættumat ECDC.

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur aukið símsvörun og svörun skriflegra fyrirspurna. Íslendingar á ferðalagi erlendis eru hvattir til að skrá sig í grunn borgarþjónustunnar er í gegnum Stjórnarráðsvefinn www.utn.is . Einnig er hægt að hafa samband í gegnum Facebook síðu utanríkisráðuneytisins.

- 6400 einstaklingar eru skráðir í grunn borgarþjónustunnar með heimferðardag í dag eða síðar. Borgarþjónustan hefur svarað vel yfir 2000 fyrirspurnum frá 14. mars. [Sjá ferðaráð á vef ráðuneytisins.](#) [Ráðleggingar til Íslendinga erlendis frá 16. mars.](#) Borgarþjónustan svarar fyrirspurnum með skilaboðum á Facebook, með tölvupósti á hjalp@utn.is og í síma 545-0-112.
-